



# NÁMSKRÁ

fyrir sérstakt námskeið

vegna akstursbanns eða sviptingar  
bráðabirgðaskírteinis



# NÁMSKRÁ

## fyrir sérstakt námskeið

### vegna akstursbanns eða sviptingar bráðabirgðaskírteinis

1	SKIPULAG NÁMS .....	2
1.1	Inngangur.....	2
1.2	Markmið .....	2
1.3	Námsþættir .....	4
1.4	Tilhögun námskeiðs og fjöldi kennslustunda .....	4
1.5	Hlutverk og skyldur leiðbeinanda, ökukennara og ökuskóla .....	4
1.6	Kennsluaðferðir.....	5
1.7	Námsmat.....	7
2	EFNISTÖK .....	8
2.1	Inngangur – einstaklingurinn, akstur og lífsstíll.....	8
2.2	Einstaklingurinn, umferðarreglur, frelsi og ábyrgð .....	8
2.3	Áhætta, áhættumat, umferðarslys og orsakir .....	9
2.4	Þættir sem hafa áhrif á ökumanninn og akstur hans .....	10
2.5	Ábyrgð ökumanns, viðbrögð stjórnvalda og viðurlög.....	11
2.6	Sérstakt akstursmat .....	11

## 1 SKIPULAG NÁMS

### 1.1 Inngangur

Markmiðið með sérstöku námskeiði er að stuðla að bættri hegðun byrjanda í umferðinni og að hann sýni meiri löghlýðni við umferðarreglur.

Námskeiðið er ætlað byrjanda sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn og sætt akstursbanni eða sviptingu ökuréttar sbr. 58. gr. a eða 2. mgr. 68. gr. reglugerðar um ökuskrírteini nr. 501/1997. Litið er svo á að hluti af upphaflegu ökunámi hafi ekki náð eyrum þess brotlega, þ.e. ekki skilað tilætluðum árangri og verði hann því að endurtaka hluta þess á ný.

Umferðarstofa setur námskrá fyrir sérstakt námskeið samkvæmt XI. viðauka við reglugerðina.

Réttindi sem ökuskrírteini veitir hefur mikla þýðingu fyrir ökumanninn og samfélagið. Þau eru forsenda þess að mega nota fólksbifreið sem nauðsynlegt samgöngutæki eða bara til skemmtunar og ánægju. Akstri fylgir ábyrgð sem samfélagið gerir kröfu um að ökumaðurinn standi undir. Markmiðið með ökunámi er fyrst og fremst að tryggja öryggi í umferðinni, fyrir ökumann og farþega, svo og aðra vegfarendur.

### 1.2 Markmið

Í námskrá fyrir almenn ökuréttindi flokk B er kveðið á um eftirfarandi:

“Ökukennslan skal hafa það að meginmarkmiði að neminn tileinki sér það viðhorf og þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að hann aki:

➤ *með sem mestu öryggi,*

- með fullri fyrirhyggju og framsýni,
- með fullu tilliti til öryggis og heilsu annarra og umhverfisins og
- í samræmi við fyrirmæli umferðarlaga, reglugerða og annarra fyrirmæla sem sett eru um akstur og umferð.”

Á sérstöku námskeiði vegna akstursbanns eða sviptingar ökuréttar gilda sömu meginmarkmið. Í ljósi þess að byrjandinn hefur sætt akstursbanni eða sviptingu ökuréttar, eru eftirfarandi þættir teknir sérstaklega fyrir:

- *Áhættuþættir umferðar.*
- *Skilningur byrjandans á tilgangi umferðar og áhrifum sálrænna og félagslegra þátta.*
- *Hæfni byrjandans til að taka ábyrgar ákvarðanir í umferðinni.*
- *Fylgni byrjandans við fyrirmæli umferðarlaga, reglugerða og annarra reglna sem settar eru um akstur og umferð og skilningur hans á þeim.*

### 1.3 Námsþættir

Námið skiptist í eftirtalda námsþætti:

- **Einstaklingurinn, umferðarreglur, frelsi og ábyrgð.**
- **Áhætta, áhættumat, umferðarslys og orsakir.**
- **Þættir sem hafa áhrif á akstur ökumannsins.**
- **Ábyrgð ökumanns, viðbrögð stjórnvalda og viðurlög.**
- **Sérstakt akstursmat.**

Hverjum námsþætti er síðan skipt í undirmarkmið sem lýsa hvaða breytingum skal stefnt að í þekkingu, viðhorfum og hegðun nemans á námskeiðinu.

### 1.4 Tilhögun námskeiðs og fjöldi kennslustunda

Miða skal við að fjöldi kennslustunda sé að lágmarki **14**. Kennslu skal skipuleggja í þriggja kennslustunda bóklegum lotum með a.m.k. viku millibili og einni tveggja kennslustunda lotu í kennslubifreið. Kennslustund er miðuð við 45 mínútur. Fjöldi nema á bóklegu námskeiði skal vera á bilinu 6 - 12.

Upplýsingar um viðveru, verkefni og verklega kennslu hvers einstaks nema skulu sérstaklega skráðar af skólanum.

Til að nemi teljist hafa lokið námskeiði skal hann sækja **allar kennslustundir** (sýna 100% mætingu) og **taka virkan þátt** í kennslunni eftir því sem við á.

### 1.5 Hlutverk og skyldur leiðbeinanda, ökukennara og ökuskóla

Námskeið skulu haldin af sérhæfðum leiðbeinendum á vegum ökuskóla með starfsleyfi. Sérstakt akstursmat skal unnið af þar til bærum ökukennara í nánu samstarfi við ökuskólann. Umferðarstofa hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd námskeiða og annast þjálfun leiðbeinenda og viðurkenningu þeirra. Leiðbeinendur skulu hafa menntun á sviði ökukennslu, sálfræði,

uppeldis- eða kennslufræði, eða hafa sérmenntun á sviði umferðaröryggis. Þeir skulu búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum og hafa góða reynslu af miðlun upplýsinga.

## 1.6 Kennsluaðferðir

Námið byggir á ákveðinni hugmyndafræði um ökunám sem kennt er við GADGET-líkanið. Evrópusambandið hefur kynnt það sem æskilegt viðmið fyrir ökukennslu og þjálfun ökumanna. Líkanið segir til um hvernig góður og ábyrgur ökumaður mótast. Það einkennist af fjórum stigum í ferli ökunáms.



Í þessari námskrá er tekið mið af 3. – 4. stigi ökunáms þar sem tekist er annars vegar á við **akstur og tilgang hans** (3. stig) og hins vegar **lífsgildi og lífsleikni** (4. stig).

Nauðsynlegt er að á námskeiðinu skapist **gagnkvæm og jákvæð tengsl á milli kennara/leiðbeinanda og nema**. Grundvöllur þess að jákvæð tengsl skapist er að gagnkvæmt **samkomulag og skilningur** ríki á milli kennara/leiðbeinanda og nema um námskeiðið:

<b>Af hverju</b> erum við saman hér?	Markmið kennara ↔	Markmið nema
<b>Hvað</b> eigum við að gera saman?	Viðfangsefni kennslunnar ↔	Viðfangsefni samþykkt af nemum
<b>Hvernig</b> eigum við að vinna saman?	Kennsluaðferð kennara ↔	Kennsluaðferð samþykkt af nemum

Kennarinn/leiðbeinandinn velur þá kennsluaðferð sem hann telur best henta. Það er þó nauðsynlegt að **virkja alla nema** eftir fremsta megni. Mjög mikilvægt er að taka mið af reynslu allra nema og að hver og einn fái til að **líta í eigin barm**, fræðist og endurskoði viðhorf sín til aksturs og öryggis.

Megininntak námskeiðsins er fræðsla og upplýsingamiðlun um ákveðin tilgreind viðfangsefni, einstaklings-, hópvinna og umræður um veigamikil grundvallaratriði er varða akstur, viðhorf og hegðun ökumannsins. Gera má ráð fyrir að um **40%** tímans fari í **beina kennslu**, fræðslu eða kynningu og um **60%** tímans fari í **hópvinnu** nema og umræður. Gert er ráð fyrir að unnin séu **heimaverkefni** milli námslota.

Nemar skulu ætíð vera **upplýstir** um innihald námskeiðsins. Kynna skal markmið og tilgang námskeiðs og einstakra námsþátta fyrirfram fyrir nema ásamt því að draga saman og rifja upp efni sem farið hefur verið í. Gera skal ráð fyrir því að nemar sýni **stöðugt aukinn skilning** á viðfangsefni námskeiðsins eftir því sem á líður. Þannig verði þeir stöðugt hæfari til að lýsa skoðunum

og viðhorfum sínum til umferðaröryggis og ábyrgrar þátttöku í umferð.

## 1.7 Námsmat

Til að nemi geti talist hafa lokið námskeiði með fullnægjandi árangri skal hann hafa sótt **alla tíma námskeiðsins og verið virkur á námskeiðinu**. Virkni skal metin út frá þátttöku í umræðum, hópvinnu, verkefnaskilum sérstöku akstursmati o.s.frv. Ekki er um eiginlegt próf að ræða.

Í lokin skal nemi fá í hendur **vottorð um þátttöku** í námskeiðinu. Vottorðið skal útbúið samkvæmt fyrirmælum Umferðarstofu.

## 2 EFNISTÖK

### 2.1 Inngangur – einstaklingurinn, akstur og lífsstíll

Mikilvægt er að neminn sjái víðari tilgang með náminu en þann einan að fá ökuskríteini að nýju. Efnistöð og áherslur á námskeiðinu skulu þannig mótast af umferðarlagabrotum þeirra sem námskeiðið sækja hverju sinni. Tvær helstu útfærslur á námskeiði er áhersla annars vegar á áhættuhegðun s.s. hraðakstur, og hins vegar á akstur undir áhrifum áfengis, ávana-eða fíkniefna. Nauðsynlegt er að greina þar á milli.

Á námskeiðinu öllu skal leitast við efla og **auka skilning nemans á eigin lífi og reynslu og tengja við akstur og umferð** eftir því sem við á. Sem rauður þráður í gegnum námskeiðið allt á því að ganga **umfjöllun um raunverulegar aðstæður nema, áhrifaþætti í lífi þeirra, þýðingu eigin ákvarðana og athafna, ábyrgð og viðhorf**.

### 2.2 Einstaklingurinn, umferðarreglur, frelsi og ábyrgð

Neminn skilji tilgang reglna um hegðun í samfélaginu og hlutverk yfirvalda í setningu reglna. Neminn þekki og geti útskýrt með eigin orðum hugtök svo sem

- *samskipti einstaklinga, jákvæð, neikvæð*
- *einstaklingsfrelsi og ábyrgð*
- *umferðaröryggi*
- *áhættutaka*
- *varúð*
- *tillitsemi*.

Neminn sé þess meðvitaður **hvers vegna** honum sé gert að sækja sérstakt námskeið vegna umferðarlagabrota.

Neminn sé meðvitaður um þá **ábyrgð** sem fylgir ökuréttindum og þýðingu ökuréttinda fyrir daglegt líf.

Neminn geti rætt um og tilgreint **afleiðingar slysa** fyrir ökumanninn, farþega hans, aðra vegfarendur og samfélagið, einkum þeirra slysa sem verða vegna viljandi áhættuaksturs.

Neminn geti nefnt dæmi um **hvaða þýðingu** þekking, færni, viðhorf og akstursreynsla hefur fyrir öruggan akstur.

### 2.3 Áhætta, áhættumat, umferðarslys og orsakir

Neminn þekki til tölfræði, umfangs og afleiðinga umferðarslysa þar á meðal um

- fjölda slasaðra og látinna í umferðinni
- tegundir meiðsla
- kostnað samfélagsins af umferðarslysum
- helstu orsakir umferðarslysa og afleiðingar þeirra.

Neminn skilji að **akstur felur alltaf í sér hættu á meiðslum** fyrir ökumann, farþega og aðra vegfarendur.

Neminn þekki til **flokka umferðarslysa** og hugsanlegra **orsaka og afleiðinga** þeirra almennt og ungra ökumanna sérstaklega.

Neminn viti að **mistök ökumanns**, svo sem skortur á athygli, rangt mat á hraða og fjarlægð og of hraður akstur miðað við aðstæður, auka líkur á því að margs konar slys geti orðið.

Neminn viti hvað getur valdið **falskri öryggistilfinningu** í umferðinni og hvaða afleiðingar það getur haft.

Neminn átti sig á hvernig **viðhorf og hópprýstingur** getur haft áhrif á aksturslag ökumanns og hvaða hópum ökumanna hættir helst til að láta hafa sig út í að taka áhættu í umferðinni.

Neminn viti að „**varnarakstur**“ þýðir að vera ávallt viðbúinn því að bregðast við óvæntri hættu og því að aðrir ökumenn brjóti umferðarreglurnar.

Neminn geti, með skírskotun til ákveðinna dæma, greint orsakir umferðarslysa, sagt frá afleiðingum þeirra, fjallað um ábyrgð ökumanns og metið **hvernig hann hefði getað hagað akstri til að draga úr hættu** og e.t.v. komið í veg fyrir slys.

### 2.4 Þættir sem hafa áhrif á ökumanninn og akstur hans

Neminn geri sér grein fyrir því að margt hefur áhrif á akstursfærni og viðhorf ökumanns svo sem:

- *persónuleikabættir*
- *félagsleg færni*
- *tilfinningalegt ástand*
- *þreyta og streita*
- *aldur*
- *áfengi, lyf, ávana- og fíkniefni*
- *alvarlegir sjúkdómar*
- *óvanalegt líkamlegt ástand.*

Neminn geti bent á hvernig ökumaður getur **unnið gegn neikvæðum áhrifum** þessara þátta.

Neminn viti hvaða **skynfæri eru ökumanni mikilvægust**, hvernig sjónin er notuð og hvernig hún getur breyst svo sem við aukinn hraða eða vegna áhrifa áfengis, ávana- eða fíkniefna.

Neminn viti hver eru **áhrif vínanda** á akstursgetu og dómgreind.

Neminn viti að hann **ber sjálfur ábyrgð** á því ef vínandi mælist í blóði eða útöndunarlofti, jafnvel þótt hann telji sig ekki hafa neytt áfengis nýlega.

Neminn viti um ábyrgð sína ef hann er **farþegi** í bifreið ölvaðs ökumanns.

Neminn viti um **áhrif lyfja, ávana- og fíkniefna**, annarra en áfengis, á akstursgetu og dómgreind.

## 2.5 Ábyrgð ökumanns, viðbrögð stjórnvalda og viðurlög

Neminn viti að sá sem notar bifreið er ábyrgur fyrir að hún sé **löglega skráð og tryggð**. Ennfremur að hún sé búin þeim **öryggisbúnaði** sem lög gera ráð fyrir og í **fullkomnu lagi**.

Neminn kunni að nota þann **öryggis- og verndarbúnað** sem bifreið er búin, skilji þýðingu hans fyrir öryggi ökumanns og annarra og þekki reglur sem gilda um notkun búnaðarins.

Neminn viti að bannað er að aka bifreið ef ökumaðurinn er **ekki í ástandi til að stjórna** henni af öryggi, t.d. vegna þess að hann er

- undir áhrifum áfengis, lyfja, ávana- eða fíkniefna
- veikur eða þreyttur eða
- í einhverju öðru ástandi sem gerir akstur óöruggan.

Neminn viti að **brot** á lögum, reglugerðum og öðrum reglum sem settar hafa verið um umferð geta leitt til sektar, sviptingar ökuréttar eða fangelsunar.

Neminn þekki **helstu viðurlög** við brotum gegn umferðarlögum þar á meðal

- reglur um punktakerfi og sviptingu ökuréttar samkvæmt þeim
- reglur um bráðabirgðaskírteini/reynslutíma byrjenda
- reglur um sviptingu ökuréttar, akstursbann, sektir, haldlagningu ökutækis og fangelsun vegna ölvunaraksturs eða annars vítavæðs aksturs.

Neminn viti að glannaakstur, vanþekking á umferðarreglum eða skortur á skilningi á tillitssemi í umferðinni **getur leitt til afturköllunar ökuréttinda** og vísunar í hæfnispróf.

## 2.6 Sérstakt akstursmat

Neminn viti að hann þurfi að tileinka sér ákveðna þekkingu, færni og viðhorf til að aka með lágmarks áhættu svo sem að

- geta raunhæft metið eigin ökuhæfni

- meta hættuna á að eiga sjálfur aðild að umferðarslysi
- taka tillit til óvarinna vegfarenda
- skilja ábyrgðina sem hann ber á sjálfum sér, farþegum sínum og öðrum vegfarendum
- líta á umferðina sem félagslegt atferli og
- tileinka sér varnarakstur til aukins öryggis fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur.

Neminn **skilji þær hættur sem eru í umferðinni og þá aksturshætti sem hann þarf að tileinka sér til að mæta kröfum umferðarinnar af öryggi**.

Neminn **geti metið aksturshætti** sína og hvað hann geti gert til að stuðla að auknu umferðaröryggi.

Neminn skal gangast undir **sérstakt akstursmat** þar sem öryggi hans í umferðinni er metið með tilliti til eftirtalinnna þátta:

- Akstursleikni.
- Öryggi – umferðarlög.
- Tillitsemi við “léttari umferð”.
- Umferðarlestur.
- Athygli – eftirtekt.

## Umferðarlög nr. 50/1987:

Úr 51. gr.


Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í þrjú ár.

Úr 53. gr.

Byrjandi, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn og sviptur er ökurétti, öðlast eigi ökurétt að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökuþróf að nýju.

Úr 106. gr. a

Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis. Með akstursbanni eru afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökuþróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs.



**Umferðarstofa, Borgartúni 30, 105 Reykjavík**

Sími: 580 2000 - fax: 580 2002

Vefsíða: [www.us.is](http://www.us.is) - netfang: [okuprof@us.is](mailto:okuprof@us.is)